



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi Hverfisgötu 41

Á fundi borgarráðs 16. nóvember sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Óskað er eftir öllum fyrri gögnum varðandi Hverfisgötu 41, þar með talið þær forsendur sem lágu til grundavallar samkomulags við einkahlutafélagið „Sjens ehf.“ um keyptan byggingarrétt. Enn fremur er óskað eftir skýringum á mismun verðmats byggingarréttar (45m) og heildarfjárhæðar sem borgin samþykkti að greiða (63m)."

Með tölvuskeyti dags. 22. nóvember sl. var óskað umsagnar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og embættis borgarlögmans um málið:

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir við borgarráð þann 5. október 2016 að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar leitaði leiða til að semja við eigendur fasteignarinnar Hverfisgötu 41 með það að markmiði að núverandi hús fengjað standa áfram á lóðinni og deiliskipulagi yrði breytt þannig að byggingarrétturinn yrði felldur niður. Borgarráð samþykkti tillögu þess efnis þann 13. október 2016. Fyrir lá samþykkt deiliskipulag sem heimilaði flutning á húsinu Hverfisgata 41 og uppbyggingu á lóðinni með byggingarrétti fyrir um 800 fermetra húsi. Þann 15. nóvember 2016 var samþykkt í borgarstjórn samkomulag við eigendur fasteignarinnar við Hverfisgötu 41 þar sem gert var ráð fyrir að greiða eigendum fasteignarinnar samtals kr. 63 mkr. fyrir byggingarrétt og útlagðan kostnað. Þar af er vegna byggingarréttar kr. 45 mkr. og vegna kostnaðar kr. 18. mkr en eigandi fasteignarinnar hafði lagt fram kröfu um að fá greitt kr. 168 mkr. fyrir hús og byggingarrétt. Ákvæði er í samningi, dags. 31. október 2016 um að feli breytt deiliskipulag síðar í sér aukið byggingarmagn umfram 224,4 fermetrar greiðir seljandi sérstaklega fyrir þann byggingarrétt.

Meðfylgjandi eru gögn varðandi Hverfisgötu 41.

Til viðbótar er minnisblað borgarlögmans dags. 20. maí 2015 en um minnisblaðið gildir trúnaður og geta borgarráðsfulltrúar óskað eftir því sérstaklega.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Gögn vegna Hverfisgötu 41



Reykjavík 15.11.2018

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 14. nóvember 2018 varðandi eftirfarandi mál.


Hverfisgata 41

Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar mótt.2. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað, fjölga íbúðum í húsinu í þrjár, ein á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi, og koma fyrir svölum á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku dags. 1. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar og Sjens vegna byggingarréttar við Hverfisgötu 41 dags. 31. október 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. desember 2017. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurjón Gunnsteinsson dags. 27. janúar 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2018.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingar Aronar Levis Becks og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerðar Sigurðardóttur sem sitja hjá. Vísað til Borgarráðs


Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir og bóka: Óskað er eftir öllum fyrri gögnum varðandi Hverfisgötu 41, þar með talið þær forsendur sem lágu til grundavallar samkomulags við einkahlutafélagið Sjens ehf. um keyptan byggingarrétt. Ennfremur er óskað eftir skýringum á mismun verðmats byggingarréttar (45m) og heildarfjárhæðar sem borgin samþykkti að greiða (63m).

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Örn Sigurðsson

Fylgiskjöl: uppdr. Teiknistofunnar Stiku dags. 1. nóvember 2017, samkomulag Reykjavíkurborgar og Sjens vegna byggingarréttar við Hverfisgötu 41 dags. 31. október 2016, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. desember 2017, innsend athugasemd og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2018.


Skuggavarp - sumarsólstöður, 21. júní




Fyrri byggingarheimildir, kl.10




Breytingartillaga, kl.10




Fyrri byggingarheimildir, kl.13



Breytingartillaga, kl.13




Fyrri byggingarheimildir, kl.16




Breytingartillaga, kl.16


Skuggavarp - jafndagur, 21. september




Fyrri byggingarheimildir, kl.10




Breytingartillaga, kl.10




Fyrri byggingarheimildir, kl.13



Breytingartillaga, kl.13



Fyrri byggingarheimildir, kl.16



Breytingartillaga, kl.16

Eva Hild Friðrikssdóttir arkitekt
Kl.300176-4619
evahild@stikka.is

Magneta Þ. Guðmundsdóttir arkitekti
Kl.170378-3779
magneta@stikka.is

Teknistofan Stikka ehf
Hverfisgata 18, 101 Reykjavík
S-8685841, 8663090

HVERFISGATA 41, 101 REYKJAVÍK
Skuggavarp



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Eva Huld Friðriksdóttir arkitekt
Teiknistofan Stika ehf.
Hverfisgötu 18
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2017
Tilvísun: 3359 / 201712-0016

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Hverfisgata 41 – breyting á deiliskipulagi

Í tölvupósti 1. des. 2017 óskar Eva Huld Friðriksdóttir arkitekt eftir álitni Minjastofnunar Íslands á breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis, sp. 13.04.2004.

Sótt er um að breyta deiliskipulaginu að því leyti sem snertir Hverfisgötu 41, og nýta heimildir gildandi deiliskipulags á annan hátt, með það að markmiði að auka nýtingarhlutfall og styrkja betur götumynd Hverfisgötu með því að stækka og endurbyggja núverandi timburhús austanmegin á lóðinni.

Húsið Hverfisgata 41 var reist árið 1908 og nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr.. Lóðin er þar að auki innan marka svæðis sem nýtur hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Minjastofnun Íslands samþykkir deiliskipulagsbreytingu þessa með áherslu á skýra skilmála um tengingu hússins á lóðinni við Hverfisgötu og um frágang þess og útlit. Þannig verði settar kröfur um að ramar verði í öllum gluggum, og að annar frágangur við glugga, klæðningu og þak verði í samræmi við hefðbundna gerð timburhúsa. Aðaluppdrættir og sérteikningar sem sýna útfærslur á byggingarleyfisskyldum breytingum á húsinu, komi til umsagnar Minjastofnunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Eva Huld Friðriksdóttir (evahuld@tstika.is)

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

From: Sigurjón Gunnsteinsson [<mailto:sjensehf@gmail.com>]
Sent: 27. janúar 2018 14:34
To: Hildur Gunnarsdóttir
Subject: Fwd: H41

Sæl Hildur.

Hérna eru nokkrir punktar sem ég hefði vilja koma að.

Kveðja Sigurjón.

Sent from my iPhone

Begin forwarded message:

1. Jarðhæð skal vera verslunarrými, til að geta verið með algilda hönnun þá væri hentugt að kjallari myndi dýpka og vera allur neðanjarðar, og jarðhæð myndi þá vera með hærri lofthæð sem og aðgengileg öllum frá hverfisgötu.
2. Hentugt væri að staðsetning núverandi húss væri ekki læst á nákvæmlega sama stað og það er nú á deiliskipulagi, hægt væri að breyta texta í greinargerð **“Stækkun hússins felur einnig í sér heimild til að hækka það um heila hæð og einnig að stækka það samkvæmt byggingarreit meðfram Hversgötu 39, núverandi staðsetning húss má færa innan byggingareits en skal snúa að Hverfisgötu”**. Og í nýir skilmálar stæði **“Jafnfram er heimilt að byggja samkvæmt byggingarreit meðfram Hverfisgötu”** eða eitthvað álýka.
3. Hentugt væri að byggingarreiturinn næði að lóðarmörkum 41 og 43 líkt og fyrra skipulag bauð uppá. Skringilega lítið bil á milli byggingarreits og lóðar nr 43.
4. Hentugt væri að hafa val um fjölda íbúða, væri hægt t.d. að vera með verslun í kjallara, jarðhæð og 2.hæð? til móts við íbúðafjölda sem tekinn er fram? Greinargerð **“Heimilt verður að hafa allt að fimm íbúðir í húsinu, tvær á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi. Heimilt verður að hafa verslun og þjónustu í kjallara, á fyrstu og annarri hæð, ef íbúðarfjöldi er minnkaður á móti. Heimild verður fyrir svölum á norðurhlið hússins, allt að 1,6m djúpum”**. Í nýir skilmálar gæti verið **“Heimilt verður fyrir allt að fimm íbúðum í húsinu, tvær á hverri hæð(utan kjallara) og ein í risi. Heimilt verður að hafa verslun og þjónustu í kjallara, á fyrstu og annarri hæð, ef íbúðarfjöldi er minnkaður á móti.”**
5. Hentugt væri ef byggingarreitur kjallara væri í línu við núverandi byggingarreit þ.e.a.s á bakhlíð byggingarreits, (byggingarreitur kjallara yrði þá ferhyrningur) sjá skýringarmynd. Nýir skilmálar **“Heimilt er fyrir kjallara undir öllu húsinu og samkvæmt byggingareit kjallara”**
6. Væri fínt að fá að fjölga kvistum! í greinargerð gæti verið **“Heimilt verður að setja kvisti á þak hússins, þrjá til suðurs og tvo til norðurs”**.
7. Ég vil helst ekki binda staðsetningu aðalinngangsins svo nákvæmlega. Sérstaklega ef liður 1 og 2 hlýtur hljómgrunn. í greinargerð gæti verið **“Aðalinngangur skal tengja bygginguna við Hverfisgötu”** og í nýir skilmálar væri hægt að hafa **“Aðalinngangur skal vera inngengur frá Hverfisgötu”** eða eitthvað álíka?
8. Einnig tel ég að götumyndunin verði sterkari ef húsið fái að vera hærra og það myndist aðeins meiri skil milli 41 og 43. Hverfisgata 41 gæti tekið t.d. mið af svalalínu Hverfisgötu 39. (ca 30 cm)

Þetta eru bara nokkrir punktar sem hægt er að hafa í deiliskipulagi en með þessum punktum þá er ekki búið að læsa deiliskipulaginu eins mikið og það er núna..



Dr-abalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

- Skyringar eldri deiliskipulagstíllögu
- Nýfyrirspurn 2-8 hæðir
 - Vöðvagnstíllögu
 - Stæði að umhverfum og öðrum til bygginga
 - Byggingarreiður kjallara

Skyringar nýrrar deiliskipulagstíllögu, að öðru leyti gálfa eldri skyringar

- Aloft deiliskipulagstíllögu
- Próbað hús, stækkun heimi
- Byggingarreiður kjallara

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákveðið í mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í þann 20. og í þann 20. og í

Tillagan var upplýst frá 20. m.v.ó. athugasemdafesti til 20. m.v.ó. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðnada þann 20.


Dýpka kjallara svo jarðhæð geti verið notuð undir verslun

Eva Hald Friðelsdóttir arkitekt
Kt. 300076-4619
evahald@stika.is


Margræa P. Guðmundsdóttir arkitekt
Kt. 170378-3779
magnea@stika.is

Teknistöfan Stíka ehf.
Hverfisgata 18, 101 Reykjavík
+35466584, 8665090


HVERFISGATA 41, 101 REYKJAVÍK Breyting á deiliskipulagi	
Stalknúmer	1506 / A2
Utgáfa	2
HG41_D_17_001	




Deiliskipulagstíllögu, mkv. 1:500




Deiliskipulagstíllögu, Hverfisgata að norðan, mkv. 1:500




Deiliskipulagstíllögu, þversnið mkv. 1:500



Gildandi deiliskipulag, samþykkt 13.04.2004 og auglýst í B-deild 14.06.2004, mkv. 1:500



Götumynd úr gildandi deiliskipulagi, samþykkt 13.04.2004 og auglýst í B-deild 14.06.2004, mkv. 1:500




Deiliskipulagstíllögu, Veggústígur að sunnan, mkv. 1:500

Greinargerð
Í gildi er deiliskipulag Skuggahverfis sem einnig nær yfir Hverfisgötu 41, samþykkt 13.04.2004. Breyting þessi tekur einungis til Hverfisgötu 41 og gætt m.a. auknar kerlur um hvernig nalgast skal mismunandi stærðarlíffull byggingama þessara vegna reisisins. Annars vegar er um að ræða 5 hæða hús á Hverfisgötu 39, vestan megin reisisins og hins vegar er um að ræða heimild fyrir 3ra hæða hús á Hverfisgötu 43, austan megin. Nýtingarhlutfallið íbúðarinnar er hækkað frá núsérandi ástandi, frá 1.09 í 2.04. Heimild verður að hafa allt að fimm íbúðir í húsinu, tveir á hverri hæð (talan kjallara) og ein í risi. Heimild verður að hafa verslun og þjónusú 1 fyrsta hæð og kjallara, ef þöskaföldi er minnkarbar 4 máli. Heimild verður fyrir svölum á norðurhlíð húsins, allt að 1,6m djúpan.


Götumynd Hverfisgötu er stykt með verslun og stöðvagnstæði. Tímabil húsins á Hverfisgötu 41, þó er stækkað og tengt þessum mismunandi stærðarlíffull íbúðum. Aðalbyggingar er þó til íbúðar við núsérandi hús, til austurs, og teygir hvern bygginguna að Hverfisgötu. Auk aðalbyggingar verður heimild að teygja yfir öðrum tengingum og stöðvagnstæði. Heimild verður að setja A301 á þak húsins, tvo til svölur og einn til aflika. Heimild verður einnig í sér heimild til að hækka þak um helia hæð og stækka það samkvæmt byggingarreit meðfram Hverfisgötu 39, til norðan.

Sambærmi lögum um menningarmáttur nr. 80/2012 eru ill hús eldri en 100 ára (þrjú). Öðrum er að ræða íbúðum húsam og mannvirkjan, spila þess eða þessa, rita þau eða teygja stöðvagnstæði með leyfi. Almennastofnanir lands, Miðla og við að leiðað sé áttis söfnunarmáttur aldur er að ræða byggingarstíllögu framkvæmdar og sömu gögum send eru til byggingafræðisvæði send Miðlastofnun til umsagnar.

Hámarksbæði hús verði K = 24,5m í 140 K = 30,5m



Skyringarmynd, Veggústígur til suðvesturs



Skyringarmynd, Hverfisgata til norðvesturs



Reykjavík 12. nóvember 2018 (HG1)

Varðar: Hverfisgata 41

Að lokinni auglýsingu er lagt fram fram að nýju erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar mótt.2. nóvember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað, fjölga íbúðum í húsinu í þrjár, ein á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi, og koma fyrir svölum á norðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku dags. 1. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samkomulag Reykjavíkurborgar og Sjens vegna byggingarréttar við Hverfisgötu 41 dags. 31. október 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. desember 2017. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurjón Gunnsteinsson dags. 27. janúar 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. febrúar 2018 og er nú lagt fram að nýju.

Umsögn:

Eftirfarandi aðilar gerðu athugasemd vegna grenndarkynningar byggingarleyfis Dunhaga 18-20:

1. Sigurjón Gunnsteinsson eigandi Hverfisgötu 41, dags. 27. janúar 2018.

-
1. Sigurjón Gunnsteinsson dags. 27. janúar 2018

Athugasemd Sigurjóns er í nokkrum liðum:

1. Sigurjón segir jarðhæð skuli vera verslunarrými. Hentugt væri því að kjallari myndi dýpka og vera allur neðanjarðar til að gólf verslunarhæðar á jarðhæð yrði lækkað í götuhæð og væri þar með aðgengilegt öllum frá Hverfisgötu (algild hönnun). Verslunarhæðin myndi þá einnig vera með hærri lofthæð.
2. Sigurjón segir að hentugt væri ef staðsetning núverandi byggingar væri ekki læst á nákvæmlega sama stað og það er nú. Þannig mætti færa húsið innan byggingarreits og heimilað yrði að byggja á byggingarreit meðfram Hverfisgötu allri. Aðalinngangur yrði áfram frá Hverfisgötu.
3. Hentugt væri ef byggingarreitur næði að lóðamörkum Hverfisgötu 43, eins og í gildandi deiliskipulagi. Skringilega lítið bil sé á milli byggingarreits og lóðar Hverfisgötu 43.
4. Sigurjón lýsir eftir meira frjálsræði í notkun hússins fyrir verslun og íbúðir. Hann vill breyta klásúlu í greinargerð sem er skilgreind með þessum hætti: „*Heimilt er að hafa allt að fimm íbúðir í húsinu, tvær á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi. Heimilt verður að hafa verslun og þjónustu í kjallara á fyrstu og annarri hæð, ef íbúðaföldi er minnkaður á móti...*“ í að heimila líka verslun á 2. hæð ef íbúðaföldi er minnkaður á móti.



5. Byggingareitur kjallara mætti vera eins og í gildandi deiliskipulagi eða í sömu línu og viðbygging við Hverfisgötu 39.
6. Gott væri að fá heimild til að fjölga kvistum. Hafa þrjá kvisti til suðurs, í stað tveggja, og tvo til norðurs, í stað eins.
7. Ekki binda staðsetningu aðalinngangs svo nákvæmlega, sérstaklega ef liðir 1 og 2 fá hljómgrunn. Áfram yrði innangengt í aðalinngang frá Hverfisgötu.
8. Götumyndin gæti orðið sterkari með hærra húsi (30cm). Við það myndi vera betri skil á milli Hverfisgötu 41 og 43. Taka mætti mið af svalalínu Hverfisgötu 39.

SVAR:

Á vinnslustigi deiliskipulagstilögunnar var haft samráð við Minjastofnun Íslands sem gaf þann umsögn dags. 11. desember 2017 um deiliskipulagstillögun. Í umsögninni segir:

„Minjastofnun Íslands samþykkir deiliskipulagsbreytingu þessa með áherslu á skýra skilmála um tengingu hússins á lóðinni við Hverfisgötu og um frágang þess og útlit. Þannig verði settar kröfur um að rammar verði í öllum gluggum, og að annar frágangur við glugga, klæðningu og þak verði í samræmi við hefðbundna gerð timburhúsa. Aðaluppdrættir og sérteikningar sem sýna útfærslur á byggingarleyfisskyldum breytingum á húsinu, komi til umsagnar Minjastofnunar.“

Vegna þess að vilji er til þess að halda í útlit núverandi timburhússins og form þess, þar sem það stendur á steypum sökkli, er lagt til að hvorki verði heimiluð lækkun gólfplötu fyrstu hæðar né tilfærsla hússins á lóðinni. Þar með eru hlutföllum og gluggasetningu núverandi byggingar gert hátt undir höfði, eins og lagt var upp með í þróun tillögu að deiliskipulagsbreytingu. Inngangur verður frá Hverfisgötu um inngangsbyggingu austan núverandi húss og möguleiki er á að leysa aðgengismál á inngangi baklóðar.

Verslunarrekstur er þegar heimilaður á 1. hæð og í kjallara. Ekki er fyrir séð að eftirspurn eftir verslunarrými á 2. hæð sé meira en af íbúðum. Lagt er til að skilgreining notkunar verði óbreytt.

Samkomulag var gert við eiganda Hverfisgötu 41 um endurskoðun gildandi deiliskipulags með það að markmiði að fella niður núverandi byggingarétt sem gerir ráð fyrir að núverandi hús viki fyrir nýbyggingu. Skv. skilmálum samkomulagsins skuldbindur seljandi sig til að hlýta þeim breytingum á deiliskipulagi sem lúta að skerðingu á byggingarétti/byggingarheimildum fyrir hús og lóð sem samkomulagið fjallar um, auk þess sem seljandi skuldbindur sig til að falla frá öllum kröfum vegna breytinga á byggingarheimildum sem fram koma í breyttu deiliskipulagi.

Niðurstaða:

Lagt er til að deiliskipulagsbreyting verði samþykkt óbreytt.

f.h.

Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt, verkefnastjóri.

003891

Skjal A
Móttekið til þinglýsingar

23. MAR. 2017

VIÐAUKI VIÐ SAMKOMULAG

Reykjavíkurborg kt. 5302697609 vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149 (kaupandi), og Sjens ehf. kt. 420506-0230 (seljandi) gerðu með sér samkomulag dags. 31.10.2016, vegna kaup á byggingarrétti við Hverfisgötu 41, Reykjavík:

Í því samkomulagi er svohljóðandi ákvæði:

„Seljandi skuldbindur sig til þessa að selja hvorki lóð né fasteign við Hverfisgötu 41 á tímabilinu frá undirritun samkomulags þar til nýtt deiliskipulag hefur tekið gildi en þó eigi lengur en til 1. nóvember 2017. Á þetta einnig við um sölu eða aðra ráðstöfun á eignarhlut í seljanda. Komi til sölu eignarinnar ber seljanda að kynna kaupanda efni þessa samkomulags og er nýr kaupandi bundinn af því.“

Sú breyting er orðin á eignarhaldi Hverfisgötu 41 að eignin hefur verið seld úr félaginu Sjens ehf., kt. 420506-0230 yfir í félagið Gunnfána ehf., kt. 440507-1310 og er Sigurjón Gunnsteinsson kt. 200966-4309, sem var helmings eigandi Sjens einn eigandi félagsins Gunnfána.

Reykjavíkurborg samþykkir þessa breytingu á eignarhaldi þrátt fyrir ofangreint ákvæði. Er Jens Beining Jia kt. 030182-2009 ekki lengur eigandi fasteignarinnar í gegnum félagið Sjens ehf. og á hann engar kröfu á hendur kaupanda/seljanda á grundvelli samkomulagsins frá 31.10.2016. Aðrar greinar samkomulagsins halda sér óbreyttar.

Reykjavík 21. mars 2017.



f.h. kaupanda
Reykjavíkurborgar

f.h. seljanda
Sigurjón Gunnsteinsson
kt. 200966-4309

Samþykkur ofangreindri breytingu:
f.h. seljanda
Jens Beining Jia kt. 030182-2009

Vottar að rétttri dagsetningu,
fjarræði og undirskrift:

Kt. 271282-5629
Brynjar Ingólfsson MSc
Kt. 271282-5629

Kt.

INNFAERT

27. MAR. 2017

Reykjavík, 17. nóvember 2016
R16080019
643
HBL/bþ

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti

Á fundi borgarstjórna þann 15. nóvember 2016 var 23. liður fundargerðarinnar frá 10. nóvember, kaup á byggingarrétti Hverfisgötu 41, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti
Málsnúmer: R16080019
Búið til: 16.11.2016
Eigandi skjals: Linda Sif Sigurðardóttir

Dagskrámál

Almennar upplýsingar

Málsnúmer : R16080019
Málsheiti : Hverfisgata 41, kaup á byggingarrétti
Númer dagskrármáls : R16080019 - 3
Dagsetning : 16.11.2016

Efni : Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti
Nefnd / ráð : Lögbundið ráð
Staða :

Afgreiðsla fundar :

Tekið fyrir á fundi þann : 15.11.2016

Niðurstaða fundar : Samþykkt

Afgreiðsla : - 23. liður fundargerðarinnar frá 10. nóvember, kaup á byggingarrétti Hverfisgötu 41, samþykktur. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins .

Bókun fundar :

Texti :

Umræða fundar :

Tengd skjöl

Tengd skjöl

Saga dagskrármáls

Texti:

SEA - Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti
Málsnúmer: R16080019
Búið til: 31.10.2016
Eigandi skjals: Linda Sif Sigurðardóttir

Dagskrámál

Almennar upplýsingar

Málsnúmer : R16080019
Málsheiti : Hverfisgata 41, kaup á byggingarrétti
Númer dagskrármáls : R16080019 - 2
Dagsetning : 31.10.2016

Efni : SEA - Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti
Nefnd / ráð : Lögbundið ráð
Staða :

Afgreiðsla fundar :

Tekið fyrir á fundi þann : 14.11.2016
Niðurstaða fundar : Samþykkt
Afgreiðsla : Samþykkt með 6 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins, Bjartar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina .

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar .

Bókun fundar :

Texti : Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 8. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning um kaup á byggingarrétti við Hverfisgötu 41, ásamt fylgiskjölum .

Umræða fundar :

Tengd skjöl

Tengd skjöl

Saga

Saga dagskrármáls

Texti:

1/11 - Bíður í viku - skoða með FMS

Borgarráð

Hverfisgata 41, staðfesting á samkomulagi

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning um kaup á byggingarrétti við Hverfisgötu 41.

Greinargerð:

Umhverfis- og skipulagssvið óskaði eftir að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar semdi við eigendur að Hverfisgötu 41 með það að markmiði að núverandi hús fái að standa áfram á lóðinni og skipulagi verði breytt þannig að byggingarréttur verði felldur niður. Borgarráð samþykkti þá tillögu þann 13. október 2016.

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag sem heimilar flutning á húsinu Hverfisgata 41 og uppbyggingu á lóðinni með byggingarrétti fyrir um 800 fermetra. Nú liggur fyrir samkomulag við eigendur þar sem gert er ráð fyrir að greiddar séu samtals kr. 63.000.000, fyrir útlagðan kostnað og byggingarrétt. Gert er ráð fyrir deiliskipulaginu verði breytt innan árs og byggingarréttur verði felldur niður og mögulega samþykktur nýr byggingarréttur. Eigendur skuldbinda sig til þess að hlýta tillögu skipulagsins á breyttu deiliskipulagi og geta ekki gert kröfu vegna breytinga sem gerðar verða á skipulaginu. Greiða þeir fyrir nýjan byggingarrétt, verði hann samþykktur með nýrri breytingu á deiliskipulagi. Haldið er eftir greiðslu, kr. 10.000.000, þar til deiliskipulag hefur verið endanlega samþykkt.

Greiðslan kemur af handbæru fé og gjaldfærast í eignasjóði á kostnaðarstað 4200 - Lóðir og lönd, sala byggingarréttar.

Dagur B. Eggertsson


Hjálagt:
Samkomulag um kaup á byggingarrétti dags. 31.10.2016.

INNFÆRT

- 2. DES. 2016

Asta Lúðvígarsdóttir

SAMKOMULAG



Reykjavíkurborg kt. 5302697609 vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149 (kaupandi), og Sjens ehf. kt. 420506-0230 (seljandi) gera með sér svofellt samkomulag vegna byggingarréttar við Hverfisgötu 41, Reykjavík:

Markmið samkomulags þessa er að endurskoða gildandi deiliskipulag fyrir Hverfisgötu 41, Reykjavík og að fella niður núverandi byggingarrétt sem gerir ráð fyrir að núverandi hús víki fyrir nýbyggingu.

1. Reykjavíkurborg kaupir byggingarrétt þann sem samþykktur var með breyttu deiliskipulagi sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda þann 14.6.2004, þar sem nýtingarhlutfall lóðarinnar var hækkað úr 1,09 í 2,88. Í núverandi deiliskipulagi er seljanda heimilt að fjarlægja núverandi byggingu og byggja um 800 fermetra byggingu. Lóðin er 277,9 fermetrar.
2. Heildargreiðsla er kr. 63.000.000.- þar af er greiðsla fyrir byggingarrétt kr. 45.000.000.- Greiðslur skv. 3. og 4. gr. eru verðtryggðar og hækka hlutfallslega eftir vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu október 2016, 438,5 til sömu vísitölu þess mánaðar sem greiðsla er innt af hendi. Heildargreiðslan verður þó aldrei lægri en kr. 63.000.000,-.
3. Greiðsla að fjárhæð kr. 53.000.000.- fer fram eftir að borgarráð hefur staðfest samkomulag þetta og að lokinni þinglýsingu.
4. Afgangsgreiðsla fyrir byggingarréttinn kr. 10.000.000.- fer fram þegar breytt deiliskipulag fyrir hús og lóð nr. 41 við Hverfisgötu hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda sem fellir umræddan byggingarrétt niður og gerir ráð fyrir að eldra húsið standi. Greiðsla fer þó fram eigi síðar en 1. nóvember 2017.
5. Seljandi skuldbindur sig til þess að hlíta þeim breytingum á deiliskipulagi sem lúta að skerðingu á byggingarétti/byggingarheimildum, fyrir hús og lóð nr. 41 við Hverfisgötu, sem samkomulag þetta fjallar um.
6. Seljandi fellur frá öllum kröfum vegna breytinga á byggingarheimildum/byggingarrétti sem fram koma í breyttu deiliskipulagi og samþykktar verða síðar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
7. Fell breytt deiliskipulag síðar í sér aukilð byggingarmagn frá því sem nú er á lóðinni umfram 224,4 fermetra greiðir seljandi kr. 28.125. pr. fermetra fyrir byggingarréttinn skv. samkomulagi þessu.
8. Samkomulagi þessu skal þinglýsa. Kaupandi greiðir stimplgjöld og þinglýsingarkostnað.
9. Seljandi skuldbindur sig til þessa að selja hvorki lóð né fasteign við Hverfisgötu 41 á tímabilinu frá undirritun samkomulags þar til nýtt deiliskipulag hefur tekið gildi en þó eigi lengur en til 1. nóvember 2017. Á þetta einnig við um sölu eða aðra ráðstöfun á eignarhlut í seljanda. Komí til sölu eignarinnar ber seljanda að kynna kaupanda efni þessa samkomulags og er nýr kaupandi bundinn af því.

Reykjavík 31.10.2016.

f.h. kaupanda

Með fyrirvara um samþykki borgarráðs

f.h. seljanda

Gunnar Mír Halvorsen
kt. 050784-2319

Sigurður Gunnarsson
200966 4309
kt. 050362-5239

SEA - Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti
Málsnúmer: R16080019
Búið til: 31.10.2016
Eigandi skjals: Linda Sif Sigurðardóttir

Dagskrámál

Almennar upplýsingar

Málsnúmer : R16080019
Málsheiti : Hverfisgata 41, kaup á byggingarrétti
Númer dagskrármáls : R16080019 - 2
Dagsetning : 31.10.2016

Efni : SEA - Hverfisgata 41 - kaup á byggingarrétti
Nefnd / ráð : Lögbundið ráð
Staða :

Afgreiðsla fundar :

Tekið fyrir á fundi þann : 14.11.2016

Niðurstaða fundar : Samþykkt

Afgreiðsla : Samþykkt með 6 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins, Bjartar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata gegn atkvæði borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar.

Bókun fundar :

Texti : Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 8. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning um kaup á byggingarrétti við Hverfisgötu 41, ásamt fylgiskjólum.

Umræða fundar :

Tengd skjöl

Tengd skjöl

Saga

Saga dagskrármáls

Texti:

1/11 - Bíður í viku - skoða með FMS

Reykjavík, 18. október 2016
R16080019
643
HBL/bp

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Hverfisgata 41

Á fundi borgarráðs þann 13. október var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. október 2016, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á að óska eftir því við borgarráð að leitað verði samkomulags við lóðarhafa að Hverfisgötu 41.

Borgarráð samþykkti að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að hefja viðræður við lóðarhafa.


Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Umhverfis- og skipulagssvið



Borgarstjórnin í Reykjavík

SA 150025



Reykjavík, 18. október 2016
R16080019
643
HBL/bþ

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Hverfisgata 41

Á fundi borgarráðs þann 13. október var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. október 2016, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á að óska eftir því við borgarráð að leitað verði samkomulags við lóðarhafa að Hverfisgötu 41.

Borgarráð samþykkti að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunnar að hefja viðræður við lóðarhafa.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunnar

USK - Hverfisgata 41
Málnumur : R16080019
Búið til : 08.08.2016
Eignandi skýpis : Bjarni Þoróddsson

Dagskrármál

Almennar upplýsingar

Málsnúmer : R16080019
Málsheiti : Hverfisgata 41, kaup á byggingarrétti
Númer dagskrármáls : R16080019 - 1
Dagsetning : 08.08.2016

Efni : **USK - Hverfisgata 41**
Nefnd / ráð : Lögbundið ráð
Staða :

Afgreiðsla fundar :

Tekið fyrir á fundi þann : 13.10.2016

Niðurstaða fundar : Vísað áfram

Afgreiðsla : Vísað til skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar sem er falið að hefja viðræður við lóðarhafa.
Borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Bókun fundar :

Texti : Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssvið, dags. 5. október 2016, um viðræður við lóðarhafa um lausn málsins.

Umræða fundar :

Tengd skjöl

Tengd skjöl

Saga

Saga dagskrármáls

Texti:

Inn næst: tekið út eftir meirihlutfund
4/10 - BLÖ fer yfir málið. Bíður




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 05.10.2016
SN150025



Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 5. október 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Hverfisgata 41

Lögð fram umsókn Sjens ehf. dags. 15. janúar 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér hækkun á þaki, aukningu á nýtingarhlutfalli og að heimilt verði að reisa útbyggingar og svalir út fyrir byggingarreit, samkvæmt uppdr. Random ark ehf. dags. í febrúar 2015.

Frestað.

Umhverfis- og skipulagsráð beinir því til borgarráðs að leitað verði samkomulags við lóðarhafa um viðunandi lausn málsins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: uppdr. Random ark ehf. dags. í febrúar 2015



Borgarráð

Hverfisgata 41 - Kaup á byggingarrétti.

Óskað er eftir heimild til að ganga til samninga við eigendur að Hverfisgötu 41 um kaup á byggingarrétti.

Greinagerð:

Umhverfis og skipulagssvið hefur óskað eftir að Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar semji við eigendur að Hverfisgötu 41 með það að markmiði að núverandi hús fái að standa áfram á lóðinni og skipulagi verði breytt þannig að byggingarréttur verði felldur niður. Fyrir liggur samþykkt skipulag sem heimilar flutning á húsinu Hverfisgötu 41 og uppbyggingu á lóðinni með viðbótarbyggingarrétti fyrir um 800 fermetra.

Hjálagt eru tvö verðmöt á húsinu eins og það er núna og eru þau samhljóða eða 75 m.kr.

Ef gengið er út frá mati eigenda á byggingarrétti er heildarverð 120 m.kr. Við þá tölu bætist síðan útlagður kostnaður eigenda sem er 18 m.kr.

Eigendur eru tilbúnir að ganga til samninga um eftirfarandi:

Reykjavíkurborg greiði sem nemur 63 m.kr. fyrir byggingarrétt og útlagðan kostnað eigenda. Eigendur munu í framhaldi gera húsnæðið upp. Ef leyfð verður einhver uppbygging við endurskoðun á skipulagi þá munu viðbótar fermetrar dragast frá greiðslunni sem nemur 75 % af því byggingarfermetraverði sem greitt var fyrir í mismunagreiðslu. Kostnaður Reykjavíkurborgar gæti því hugsanlega lækkað eitthvað.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Verðmat - Borg fasteignasala, dags. 19. janúar 2016.

Verðmat - Miklaborg, dags. 1. mars 2016 2016.

BORG

FASTEIGNASALA

Verðmat.

Efni: Hverfisgata 41, 101 Reykjavík, fastanr 200-3300, 200-3299, 200-3298 og 200-3297.

Þinglýstur eigandi: Sjens ehf kt. 420506-0230 og byggir á sjónskoðun á eigninni.

Forsendur matsins eru eftirfarandi:

- Opinberar tölulegar upplýsingar um eignina
- Raunverð í dag, þ.e. matið tekur mið af markaðsaðstæðum. Með raunverði er átt við áætlað söliverð, en ekki ásett verð við sölumeðferð.
- Samanburður við sölur sambærilegra eigna að svo miklu leyti sem því verður við komið.
- Við verðmatið er tekið tillit til þeirra þátta sem hafa hvað mest áhrif á verðmyndun s.s. stærð og gerð, ástand, staðsetning og markaðsaðstæður.

Tölulegar upplýsingar um eignina frá Fasteignamati ríkisins:

Fastanúmer:	200-3300	Bygg. efni:	Timbur
Húsgerð:	Hæð	Stærð:	224,4
Fasteignamat:	75.470.000,-	Brunabótamat:	55.265.000,-
Byggingarár:	1908	Lóðarréttindi:	Eignalóð

Lýsing eignar:

Hverfisgata 41 skiptist í fjórar íbúðareiningar í tveimur samliggjandi húsum. Báðar byggingar eru byggðar úr timbri. Nánari skipting: Íbúð 1) 3 herb. Baðherbergi og eldhúsaðstaða. Íbúð 2) 3 herbergi, baðherbergi og eldhúsaðstaða. Báðar eignirnar með sér inngangi. Innréttingar og gólfefni slitið. Í bakhúsi, eru einnig tvær íbúðir auk geymslurými í kjallara. Íbúð á efri hæð, sérinngangur, tvö herbergi, eldhús og baðherbergi, innréttingar og gólfefni slitið. Neðri hæð, samskonar íbúð. Heildar fermetrar hússins skv. Þjóðskrá er 224,4 fm sem skiptast í eftirfarandi íbúðarrými: 01-00-01 íbúð á jarðhæð 63,4 fm. 01-01-01 íbúð á 1. hæð 90,7 fm. 01-02-01 2. hæð 42,3 fm og 01-01-01 íbúð á 1. hæð 21,2 fm. Komið er að viðhaldi á húsinu bæði að innan og utan.

Niðurstaða:

Fjórar íbúðareiningar miðsvæðis í Reykjavík. Hentar vel til útleigu.

Með tilliti til framanritaðs, tel ég að eðlilegt markaðsverð framangreindrar eignar í núverandi ástandi og standsetningu vera **kr. 75.000.000,-**, skrifað sjöttíuogfimmilljónir 00/100

Söliverðið miðast við hefðbundin greiðslukjör á fasteignamarkaði í dag, eðlilegt skekkjumat, frjálsa og óþvingaða sölu og að eðlilegur tími sé ætlaður til sölunnar. Matið er ekki ábyrgðaryfirlýsing um söliverð á nauðungaruppboði.

Verðmat þetta hefur undirritaður unnið eftir bestu samvisku og þekkingu. Verðmatið var unnið með markaðsaðferð og beitt samanburði eins og hægt er.

Reykjavík 19. janúar 2016

Úlfar Þór Davíðsson

Kt. 210273-9339

Löggiltur fasteigna,

fyrirtækja og skipasali

Úlfar Þór Davíðsson

BORG

F A S T E I G N A S A L A

Verðmat.

Efni: Hverfisgata 41 , 101 Reykjavík, fastanr 200-3300, 200-3299,200- 3298 og 200-3297.

Þinglýstur eigandi: Sjens ehf kt. 420506-0230 og byggir á sjónskoðun á eigninni.

Forsendur matsins eru eftirfarandi:

- Opinberar tölulegar upplýsingar um eignina
- Raunverð í dag, þ.e. matið tekur mið af markaðsaðstæðum. Með raunverði er átt við áætlað söliverð, en ekki ásett verð við sölumeðferð.
- Samanburður við sölur sambærilegra eigna að svo miklu leyti sem því verður við komið.
- Við verðmatið er tekið tillit til þeirra þátta sem hafa hvað mest áhrif á verðmyndun s.s. stærð og gerð, ástand, staðsetning og markaðsaðstæður.

Tölulegar upplýsingar um eignina frá Fasteignamatí ríkisins:

Fastanúmer:	200-3300	Bygg. efni:	Timbur
Húsgerð:	Hæð	Stærð:	224,4
Fasteignamat:	75.470.000,-	Brunabótamat:	55.265.000,-
Byggingarár:	1908	Lóðarréttindi:	Eignalóð

Lýsing eignar:

Hverfisgata 41 skiptist í fjórar íbúðareiningar í tveimur samliggjandi húsum. Eignirnar bera fjögur fastanúmer. Báðar byggingar eru byggðar úr timbri. Eignirnar standa á 277,3 fm eignalóð. Skv. deiliskipulagi er nýtingahlutfall leyfilegt á lóðinni 2,88 sem gera tæplega 800 fm byggingarétt.

Niðurstaða:

Eignalóð miðsvæðis í Reykjavík með byggingarétt upp á um 800 fm.

Með tilliti til framanritaðs, tel ég að eðlilegt markaðsverð framangreindrar eignar í núverandi ástandi og standsetningu vera **kr. 96.000.000,-**, **skrifað níutíuogsexmilljónir 00/100**

Söliverðið miðast við hefðbundin greiðslukjör á fasteignamarkaði í dag, eðlilegt skekkjumat, frjálsa og óþvingaða sölu og að eðlilegur tími sé ætlaður til sölunnar. Matið er ekki ábyrgðaryfirlýsing um söliverð á nauðungaruppboði.

Verðmat þetta hefur undirritaður unnið eftir bestu samvisku og þekkingu. Verðmatið var unnið með markaðsaðferð og beitt samanburði eins og hægt er.

Reykjavík, 19. janúar, 2016

Úlfar Þór Davíðsson

KL 214373-4339
Löggjafi, lögmála,
fyrirtækja- og skipasali

Úlfar Þór Davíðsson

Lögg. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Staða:

Núverandi



[Heim](#)
[Stillingar](#)
[Skoða notkun](#)

Hverfisgata 41
Reykjavík

Fastanúmer 200-3297

Landnúmer 101069

Notkun Íbúðareign

Greinitala 0000 01 1152424

Fasteignamat	20.200.000	Brunabótamat	14.900.000	Bygg.efni	Timbur
Húsmat	16.570.000	Tryggingafélag	VÍS		
Lóðarmat	3.630.000	Flatarmál	63,4 m ²		

Eigendur skv. gjaldendaskrá

Kennitala	Nafn	Eig.hluti	Kaupdagur	Afhendingardagur
420506-0230	Sjens ehf.	100,0000%	14/11/2012	14/11/2012

Sérmetnar einingar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Bstig	Flatarmál	Mstig	Fasteignamat	Brunab.mat	Endurst.verð
01 0001	Íbúð	1908	7	63,4 m ²	7	20.200.000	14.900.000	16.932.000

Lóð

Landnr 101069 Íbúðarhúsalóð **Stærð** 277,3 m² **Heildarlóðarmat** 12.785.000
Eigendur: 999999-7777 Eignarland 100,0000%

Visitala brunabótamats: 642,4
 Stærð mathluta 01 er 288,9m² og 560,0m³
 Dagsetning yfirlits: 19/01/2016

[Veðbandayfirlit](#)

[Eigendasaga](#)

[Breytingasaga](#)


[Skjalalisti](#)

Skýringar:

Bstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa
 Mstig: Matsstig (forsenda mats, metið byggingarstig)

[Til baka](#)

Netandi: borg-utd



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Staða:

Núverandi

[Heim](#) [Stillingar](#) [Skoða notkun](#)
Hverfisgata 41
Reykjavík
Fastanúmer 200-3298**Landnúmer** 101069**Notkun** Íbúðareign**Greinitala** 0000 01 1152424

Fasteignamat 9.770.000	Brunabótamat 5.630.000	Bygg.efni Timbur
Húsmat 8.135.000	Tryggingafélag VÍS	
Lóðarmat 1.635.000	Flatarmál 21,2 m ²	

Eigendur skv. gjaldendaskrá

Kennitala	Nafn	Eig.hluti	Kaupdagur	Afhendingardagur
420506-0230	Sjens ehf.	100,0000%	04/10/2012	15/05/2012

Sérmetnar einingar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Bstígg	Flatarmál	Mstígg	Fasteignamat	Brunab.mat	Endurst.verð
01 0101	Íbúð	1908	7	21,2 m ²	7	9.770.000	5.630.000	6.434.000

Lóð

Landnr 101069 **Íbúðarhúsaloð** **Stærð** 277,3 m² **Heildarlóðarmat** 12.785.000
Eigendur: 999999-7777 Eignarland 100,0000%

Visitala brunabótamats: 642,4
 Stærð mathluta 01 er 288,9m² og 560,0m³
 Dagsetning yfirlits: 19/01/2016


[Veðbandayfirlit](#)
[Eigendasaga](#)
[Breytingasaga](#)
[Skjalalisti](#)

Skýringar:

Bstígg: Samþykkt byggingarstígg frá byggingarfulltrúa
 Mstígg: Matsstígg (forsenda mats, metið byggingarstígg)

[Til baka](#)

Notandi: Borg utd



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Staða:

Núverandi

[Heim](#)
[Stillingar](#)
[Skoða notkun](#)

Hverfisgata 41
Reykjavík

Fastanúmer 200-3299

Landnúmer 101069

Notkun Íbúðareign

Greinitala 0000 01 1152424

Fasteignamat 27.600.000	Brunabótamat 22.325.000	Bygg.efni Timbur, Steypt
Húsmat 22.980.000	Tryggingafélag VÍS	
Lóðarmat 4.620.000	Flatarmál 90,7 m ²	

Eigendur skv. gjaldendaskrá

Kennitala	Nafn	Eig.hluti	Kaupdagur	Afhendingardagur
420506-0230	Sjens ehf.	100,0000%	14/11/2012	14/11/2012

Sérmetnar einingar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Bstígg	Flatarmál	Mstígg	Fasteignamat	Brunab.mat	Endurst.verð
01 0102	Íbúð	1908	7	83,9 m ²	7	27.600.000	21.050.000	24.172.000
02 0102	Geymsla	1936	7	6,8 m ²	7	0	1.275.000	1.613.000

[Allar](#)

Lóð

Landnr 101069 **Íbúðarhúsalóð** **Stærð** 277,3 m² **Heildarlóðarmat** 12.785.000
Eigendur: 999999-7777 **Eignarland** 100,0000%

Vísitala brunabótamats: 642,4
 Stærð mathluta 01 er 288,9m² og 560,0m³
 Dagsetning yfirlits: 19/01/2016

[Veðbandayfirlit](#)

[Eigendasaga](#)

[Breytingasaga](#)

[Skjalalisti](#)

Skýringar:

Bstígg: Samþykkt byggingarstígg frá byggingarfulltrúa
 Mstígg: Matsstígg (forsenda mats, metið byggingarstígg)

[Til baka](#)

Notandi: borg-utd



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Staða:

Núverandi



[Heim](#)
[Stillingar](#)
[Skoða notkun](#)

Hverfisgata 41
Reykjavík

Fastanúmer 200-3300

Landnúmer 101069

Notkun Íbúðareign

Greinitala 0000 01 1152424

Fasteignamat	17.900.000	Brunabótamat	12.410.000	Bygg.efni	Timbur, Steypt
Húsmat	15.000.000	Tryggingafélag	VÍS		
Lóðarmat	2.900.000	Flatarmál	49,1 m ²		

Eigendur skv. gjaldendaskrá

Kennitala	Nafn	Eig.hluti	Kaupdagur	Afhendingardagur
420506-0230	Sjens ehf.	100,0000%	04/10/2012	15/05/2012

Sérmetnar einingar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Bstig	Flatarmál	Mstig	Fasteignamat	Brunab.mat	Endurst.verð
01 0201	Íbúð	1908	7	42,3 m ²	7	17.900.000	11.000.000	12.655.000
02 0101	Þvottahús	1936	7	6,8 m ²	7	0	1.410.000	1.818.000

[Allar](#)

Lóð

Landnr 101069 Íbúðarhúsaloð **Stærð** 277,3 m² **Heildarlóðarmat** 12.785.000
Eigendur: 999999-7777 Eignarland 100,0000%

Vísitala brunabótamats: 642,4
 Stærð mathluta 01 er 288,9m² og 560,0m²
 Dagsetning yfirlits: 19/01/2016

[Veðbandayfirlit](#)
[Eigendasaga](#)
[Breytingasaga](#)
[Skjalalisti](#)

Skýringar:

Bstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa
 Mstig: Matsstig (forsenda mats, metið byggingarstig)

[Til baka](#)

Notandi: borg-utd

Verðmat Hverfisgata 41, 101 Reykjavík Byggingaréttur og hús til flutnings

Verðmat á byggingarétti við Hverfisgötu 41, 101 Reykjavík. Þinglýstur eigand er Sjens ehf. Kt. 420506-0230.

Forsendur:

Umbeidd verðmat tekur mið af núverandi markaðsaðstæðum og þeim greiðsluskilmálum sem tíðkast á almennum fasteignamarkaði. Matið byggir einnig á opinberum matstólum, þ.e. upplýsingum um eignina s.s. fasteigna og brunabótamati er fyrir lágu við skoðun og vinnslu verðmatsins, ásamt upplýsingum frá eigendum eignarinnar og samanburð við sögur sambærilegra eigna, stærð, gerð, staðsetningu, áhvilandi lán, nýtingu, aldur, ástand og markaðsaðstæður. Verðmatið er miðað við lágmarksverð eignar, sem gæti selst á hærra verði á markaði.

Tölulegar upplýsingar um eignina frá Fasteignaskrá Íslands:

Húsin sem standa á lóðinni eru timburhús, lóðin er 277,9 fm eignarlóð.

Fastanúmer	Fasteignamat	Lóðarmat	Brunabótamat	Stærð
200-3300	17.900.000	15.000.000	12.355.000	49,1
200-3299	27.600.000	4.620.000	22.320.000	90,7
200-3298	9.770.000	1.635.000	5.620.000	21,2
200-3297	20.200.000	3.630.000	14.850.000	63,4

75.470.000	24.885.000	55.145.000	224,4
------------	------------	------------	-------

Nánari lýsing:

Hverfisgata 41, skiptist í fjórar íbúðir, í tveimur samliggjandi húsum, byggðum úr timbri. Lóðin er skráð 277,3 fm eignarlóð og samkvæmt deiliskipulagi er leyfilegt nýtingahlutfall lóðarinnar 2,88 sem gera tæplega 800 fm byggingarétt. Verðmat þetta miðast við byggingaréttinn og húsin án lóðar tilbúin til flutnings.

Um er að mjög góða staðsetningu miðsvæðis í Reykjavík.

Áætlað markaðsverð eignarinnar er kr. 120.000.000-, skrifað eitthundraðog tuttugumilljónir 00/1000

Reykjavík, 01. mars 2016

Gunnar Helgi Einarsson

löggiltur fasteignasali
kt. 240277-4170

Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Hilmar Jónasson
Kt. 210673 - 5349

Hilmar Jónasson,
Sólumaður

Verðmat Hverfisgata 41, 101 Reykjavík

Verðmat á Hverfisgötu 41, 101 Reykjavík. Þinglýstur eigand er Sjens ehf. Kt. 420506-0230.

Forsendur:

Umbeðið verðmat tekur mið af núverandi markaðsaðstæðum og þeim greiðsluskilmálum sem tíðkast á almennum fasteignamarkaði. Matið byggir einnig á opinberum matstólum, þ.e. upplýsingum um eignina s.s. fasteigna og brunabótamati er fyrir lágu við skoðun og vinnslu verðmatsins, ásamt upplýsingum frá eigendum eignarinnar og samanburð við sögur sambærilegra eigna, stærð, gerð, staðsetningu, áhvílandi lán, nýtingu, aldur, ástand og markaðsaðstæður. Verðmatið er miðað við lágmarksverð eignar, sem gæti selst á hærra verði á markaði.

Tölulegar upplýsingar um eignina frá Fasteignaskrá Íslands:

Húsin sem standa á lóðinni eru timburhús, lóðin er 277,9 fm eignarlóð.

Fastanúmer	Fasteignamat	Lóðarmat	Brunabótamat	Stærð
200-3300	17.900.000	15.000.000	12.355.000	49,1
200-3299	27.600.000	4.620.000	22.320.000	90,7
200-3298	9.770.000	1.635.000	5.620.000	21,2
200-3297	20.200.000	3.630.000	14.850.000	63,4
	75.470.000	24.885.000	55.145.000	224,4

Nánari lýsing:

Hverfisgata 41, skiptist í fjórar íbúðir, í tveimur samliggjandi húsum, byggðum úr timbri. Íbúð 1) Þrjú herbergi baðherbergi og eldhúsaðstaða. Íbúð 2) Þrjú herbergi baðherbergi og eldhúsaðstaða. Báðar eignirnar eru með sér inngangi. Innréttingar og gólfefni eru orðið slitið. Í bakhúsi eru einnig tvær íbúðir. Efri og neðri hæð með sér inngangi, tvö herbergi, eldhús og baðherbergi. Gólfefni og innréttingar slitið.

Um er að mjög góða staðsetningu miðsvæðis í Reykjavík.

Áætlað markaðsverð eignarinnar er kr. 75.000.000.-, skrifað sjötíu og fimm milljónir

Reykjavík, 01. mars 2016

Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali
kt. 240277-4179
Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali

Hilmar Jónasson
Kt. 210573 - 5349

Hilmar Jónasson,
Sölumaður

verfisgata 41
 durgerð á nýjum grunni.

Verkþjónusta Hjalta slf.
 Brúnási 9
 210 Garðbæ
 sími 618 3902
 hjalti.sigurdsson@gmail.com

	Dags.	23.7.2015
SAMANTEKT		
ADSTADA		4.415.000
RIF		1.890.000
FLUTNINGUR Á HÚSI		3.250.000
GRÖFTUR OG JARÐVINNA		2.213.000
UPPSTEYPA		11.103.000
FRÁGANGUR Á NÝJUM VEGGJUM, FRÁGANGUR AÐ UTAN		7.054.000
ENDURGERÐ AÐ INNAN		Ekki áætlað.
LAGNIR, RAFLAGNIR		708.000
LÓÐ		Ekki áætlað.
Hönnun og ráðgjöf	12 %	3.675.960
Samtals með hönnun og ráðgjöf		34.308.960

ADSTADA

Verkþáttur	Magn	Eining	@	Samtals m. vsk.
Hér er miðað við vinnuskúr, þrif, byggingarsjórn, tryggingar ...				
Byggingarleyfisgjöld, gatnagerðargjöld, úttektargjöld.				Ekki reiknað með.
Vinnuskúr með flutningi.	6	mán.	50.000	300.000
Girðing vinnusvæðis í 5 mánuði. Hér er reiknað með að giraða alla lóðina úr miðri gangstétt og með allri baklóð. Það er hins vegar hluti af heildarverkinu.	50	m	6.500	325.000
Vinnupallur við suður- og norðurhlíð. Ekki reiknað með pöllum við austurhlíð sem er upp að aðliggjandi húsi, nema upp á þaki þess húss, né vesturhlíð sem verði gerð samhliða aðliggjandi húsi.	120	m2	2.500	300.000
Förgun á rusli vegna rífs innan úr húsi og vegna byggingarframkvæmda.	7	gámar	50.000	350.000
Byggingarstjórn. Byggingarstjóratriyggung.				
	1	samt.	1.500.000	1.500.000
Þóknun iðnmeistara, tryggingar.	1	samt.	600.000	600.000
Þrif í verklok, inni og úti.	1	samt.	150.000	150.000
Miðbæjaraðstaða.	5	%		180.000
Ófyrirséður kostnaður á óhannað verk.	20	%		710.000
Samtals framkv. kostnaður				4.415.000

verfisgata 41
durgerð á nýjum grunni.

Verkþjónusta Hjalta sif.
Brúnási 9
210 Garðbæ
sími 618 3902
hjalti.sigmanilsson@gmail.com

RIF

Verkþáttur	Magn	Eining	@	Samtals m. vsk.
Miðað er við að rífa bislag við norðurhlíð og taka niður allar innréttingar, klæðningar, létta veggir og annað það sem ekki verður notað í húsinu. Eftir standi burðarvirki.				
